

Námsáætlun í hönnun og smíðum fyrir 3. bekk vorið 2017

Tímabil: Janúar til maí

2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Unnar Eiríksson

Markmið:

Að nemendur

- tileinki sér rétt og hagkvæm vinnubrögð við alla vinnu.
- geti leyst einföld verkefni á sjálfstæðan hátt.
- geti nýtt eigin hugmyndir til að skreyta smíðisgripi sína.
- geti gengið snyrtilega um verkfæri og áhöld.
- geti notað viðeigandi persónuhlífar og sitji/standi rétt við vinnu sín.a
- geti unnið ein að lausn verkefna og hafi þroskað með sér þolímæði til vandaðrar vinnu.
- geri sér grein fyrir hættum í smíðastofunni og sýni ábyrga umgengni og fara eftir reglum smíðastofunnar.
- Hugi að mikilvægi efnisnýtingar.
- kynnist notkun verkfæra eins og laufsagar, mismunandi tegunda skrúfjarna, geti notað þvingur, þekki mismunandi tegundir trélíma, nagla og skrúfa. Geti notað límbyssu, skrúfstykki og kunni að nota plastskera.
- þekki mismunandi tegundir orkugjafa eins og hreyfiorku og vindorku.
- þekki algeng smíðaeefni eins og frauðplast, furu, birki, krossvið, MDF, greni, beyki, eik og mahóní.
- Geti hannað, teiknað, útbúið snið og smíðað verkefni í raunstærð.



Inntak

Nemendur smíða og hanna ýmis einföld verkefni. Lögð áhersla á það að nemendur öðlist færni í notkun verkfæra. Innlögn og sýnikennsla þar sem verkefnið er útskýrt fyrir nemendum. Lögð mikil áhersla á það að innlagnir að verkefnum séu skýrar og auðveldi nemendum vinnuna við verkefnið. Að öðru leyti er kennslan einstaklingskennsla. Lögð er áhersla það að nemendur kynnist smíðastofunni og að nemendur venjist umhverfinu og þeim hættum sem geta leynst í smíðastofunni ef ekki er varlega farið. Lögð er áhersla á frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Kennsluverkefni eru verkefni sem kennari leggur fyrir nemendur. Lögð er áhersla á að verkefni séu nytjahlutir.

Námsefni

1. Aðalnámsefni vetrarins er Woodwork with kids
2. Hönnun og smíði í 1. – 4. bekk
3. Verkefni frá kennara

Kennsluaðferðir og skipulag

Notast verður við innlagnir og kennari fer vel í gegnum það hvað eigi að gera.
Einnig kennir hann notkun verkfæra sem nota skal við smíði verkefnisins.

Námsmat

Samkvæmt námskrá eru þessir þættir teknir til athugunar: Umgengni og hegðun. Virkni, sjálfstæði og vinnubrögð nemandans. Lokaafurðir nemandans. – hönnun, útlit, skreyting, verkefnið í heild.

Tímabil	Dagar	Námsefni	Viðfangsefni	Kennsluaðferðir, vinnubrögð
4. – 8. jan.		Úr smiðju kennara	Tálgun – manneskja.	Innlögn og umræður. Farið yfir öryggisatriði sem hafa þarf í huga við tálgun.
11. – 15. jan.		Úr smiðju kennara	Tálgun	
18. – 22. jan		Úr smiðju kennara	Tálgun og samsetningaaðferðir	Tálguverkefnið klárað og í seinni tímanum innlögn í samsetningaraðferðum t.d. negla, skrúfa og líma
25. – 29. jan.		Úr smiðju kennara	Rafmagnsspil	Unnið með rafmagn . Einföld rafrás
1. – 5. feb.		Úr smiðju kennara	Rafmagnsspil	Unnið með rafmagn . Einföld rafrás
8. – 12. feb.		Úr smiðju kennara	Fiskur - beinagrind	Tífsög, súluborvél
15. – 19. feb.		Úr smiðju kennara	Fiskur - beinagrind	
22. – 26. feb.		Úr smiðju kennara	Klemmuverkefni Hvað á ég að gera í þessari viku?	
29. – 4. mars		Úr smiðju kennara	Fuglafæðuspýta	Mælingar. Að bora með hringbor.
7. – 11. mars		Úr smiðju kennara	Vindmælir	Mælingar og notkun trédýla
14. – 18. mars		Úr smiðju kennara	Sama	
21. – 25. mars		Úr smiðju kennara	Lítill kassi	Teikning, hönnun og mælingar
28. – 1. apríl		Úr smiðju kennara	Sama	
4. – 8. apríl		Úr smiðju kennara	Málmsmíði Hálsmen	Innlögn og fræðsla um mismunandi tegundir málma.

11. – 15. apríl		Úr smiðju kennara	Ugluverkefni	Notast við efni úr skóginum okkar
18. – 22. apríl		Úr smiðju kennara	Púsl úr þunnum krossvið eða mdf	Nemendur fá að kynnst notkun tifsagar.
25. – 29. apr.		Úr smiðju kennara	Undir heitt	Tifsög
2. – 6. maí		Úr smiðju kennara	Skógarvinna eða klára kennsluverkefni	
9. – 13. maí		Úr smiðju kennara	Skógarvinna eða klára kennsluverkefni	
16. – 20. maí		Úr smiðju kennara	Skógarvinna	
16. – 20. maí		Úr smiðju kennara	Skógarvinna	
23. – 27. maí		Úr smiðju kennara	Skógarvinna	

Þessi kennsluáætlun er aðeins til viðmiðunar. Verkefni gætu dottið út vegna þess að tímar f alla niður.

